



Fundargerð 19. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom - miðvikudaginn 22. ágúst kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Halldór Jóhannsson (HJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH) og Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fundinn sat einnig Björgvin Jónsson (BJ) starfsmaður AKÍS

Fjarverandi: Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Valnefnd vegna akstursíþróttafólks ársins

Skipa þarf valnefnd vegna útnefningar á akstursíþróttamanni ársins, bæði meðal kvenna og karla. Fram kom tillaga um fimm aðila, þrjár konur og tvo karla, sem var samþykkt, og mun BJ hafa samband við viðkomandi varðandi málið.

2. Fundur með Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála

Fært í trúnaðarbók.

HRR mætti á fundinn undir þessum lið.

3. FIA Motorsport Funding Program

Sendur var tölvupóstur á öll aðildarfélög og öll keppnisráð þar sem óskað var eftir hugmyndum að verkefnum til að sækja um styrk fyrir til FIA. Ein tillaga kom og lýtur að gerð námsefnis fyrir námskeið skoðunarmanna.

Ákveðið var að vinna að gerð slíkrar umsóknar og var BJ falið að undirbúa málið hjá FIA en TMP, JPJ og AS munu vinna málið með honum og halda stjórn upplýstri um gang mála.

AHH kom til fundarins undir þessum lið.

4. Úrskurður dómnefndar

Kominn er úrskurður frá sérstakri dómnefnd sem skipuð var á 10. fundi stjórnar í maí síðastliðinn.

5. Úrsögn úr varastjórn

LDJ hefur með tölvupósti til TMP sagt af sér sem varamaður í stjórn AKÍS.

6. Önnur mál

Fjármál - Ákveðið að fara yfir stöðu fjármála á næsta fundi stjórnar.

Trúnaðarbók - Ákveðið að setja vinnureglur um trúnaðarbók. SIS og BJ leggja fram drög að slíkum reglum á næsta fundi stjórnar.



Vegalokanir - Rætt um vegalokanir og leyfi vegna myndatöku og annarra slíkra viðburða og mismun á því hvernig sótt er um leyfi fyrir slíkum viðburðum og akstursíþróttum.

Formenn dómnefnda - HRR vakti athygli á að ekki virðist sem keppnishaldarar virði ákvarðanir AKÍS um formenn dómnefnda, svo sem í drifti. TMP og BJ munu skoða málið.

Tölvupóstur til sambandsins - Athuga þarf hvort tölvupóstur frá tilteknum netföngum hjá BA berist sambandinu, BJ mun gera það.

Næsti fundur þriðjudaginn 5. september kl. 19.30 á Engjavegi 6 og Zoom.

Fundi slitið kl. 21.22